

**SAMFÉLAGSSKÝRSLA  
KRÓNUNNAR  
2020**





## EFNISYFIRLIT

1.	Ávarp framkvæmdastjóra	3
2.	Umhverfismál	9
3.	Lýðheilsa	18
4.	Upplýst val	25
5.	Við elskum jafnrétti	28
6.	Við og samfélagið	33
7.	Í alvöru - takk	36
8.	Við elskum nýsköpun	38
9.	Góðir stjórnarhættir	42
10.	Krónan í framtíðinni	47
11.	Yfirlitstöflur, ítarefni og hugtakanotkun	49



MMM.. FULLT  
AF GJARNILEGU!



## ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA

---

Árið 2020 mun seint líða okkur úr minni vegna þeirra miklu áhrifa sem COVID-19 faraldurinn hafði á líf okkar og nær allrar heimsbyggðarinnar. Vinnustaðurinn okkar, Krónan, fór ekki varhluta af þeim áhrifum og í okkar hlut kom enn meiri ábyrgð en áður við að tryggja sóttvarnir, hreinlæti og síðast en ekki síst öryggi, viðskiptavina og starfsfólks okkar.

Í upphafi faraldursins varð mikil óvissa. Krónan einsetti sér því að tryggja öfluga upplýsingagjöf til viðskiptavina og starfsfólks. Gætt var að því að leiðréttu mögulegan misskilning um yfirvofandi vöruskort. Við upplýstum um hvaða tími dags væri álagstími svo fólk gæti valið tíma þegar færri væru í verslunum. Lögð var áhersla á öryggi og sóttvarnir starfsfólks.

Þrátt fyrir heimsfaraldurinn og krefjandi aðstæður hélt uppbygging og þróun Krónunnar áfram. Við opnuðum þrjár nýjar Krónuverlanir, á Norðurlhelli í Hafnarfirði, á Hallveigarstíg í miðbæ Reykjavíkur og í Austurveri, þar sem Nóatún var áður. Við opnuðum Snjallverslun Krónunnar í mars, langt á undan því sem áætlað var, þörfin var svo sannarlega til staðar og þróaðist verslunin hratt í nánu samstarfi við okkar kærú viðskiptavini. Fyrir það erum við þakklát. Minnsta Krónubúðin - en mögulega sú með stærsta hjartað: Krónuhjólíð var opnuð í sumar og ferðaðist á milli götuhátíða með hollustuúrval fyrir stóra sem smáa.

## STÆRSTA VIÐURKENNING ÁRSINS VAR AÐ FÁ ÍSLENSKU ÁNÆGJUVOGINA



Síðastliðið haust tókum við markverð skref í þágu umhverfisins: Við lögðum endanlega plastburðarpokum og tókum alfarið upp fjölnota- og pappapoka í verslunum okkar. Við höfum samstarf við fyrirtækið PureNorth um endurvinnslu á plasti og í lok árs náðist það mikilvæga markmið að Svansvotta allar verslanir Krónunnar. Vottunin er mikill áfangasigur, henni þarf að viðhalda ár hvert, sem styður okkur áfram á þeirri vegferð – að hafa áhrif til góðs – umhverfinu í hag.

Stærsta viðurkenning ársins var svo að fá Íslensku ánægjuvogina, fjórða árið í röð, og með marktækum mun. Slík viðurkenning er í okkar huga traustyfirlýsing frá okkar mikilvægustu vinum, viðskiptavinunum, sem eru tilbúnir að vinna með okkur og þróa áfram lausnir Krónunnar sem einfalda lífið og styðja við nútímaparfir þeirra.

Árið 2021 hefst með krafti og horfum við til þess full af bjartsýni og með metnaðarfull markmið. Við munum setja lýðheilsu á dagskrá sem aldrei fyrr, prófa okkur áfram með umbúðarlausar vörur í samtali og samstarfi við birgja og viðskiptavini og minnka matarsóun enn frekar. Því munum við efla enn frekar samtal okkar við viðskiptavini um allt sem snýr að starfsemi okkar og leita leiða til að gera betur, því við vitum að með samtali koma bestu hugmyndirnar.

**Ásta S. Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar**



## HEIMSMARKMIÐIN OKKAR

---

Samfélagsleg ábyrgð takmarkast ekki við eitt teymi innan Krónunnar heldur vinnur allt Krónuliðið að því saman að hafa áhrif til góðs.

Með því að fá sem flesta að borðinu, Krónuliðið, birgjana okkar og viðskiptavini, koma fram frábærar hugmyndir sem við getum þróað og unnið áfram. Frá árinu 2019 höfum við unnið að því að móta markmið okkar og samræma við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Við teljum mikilvægt að vinna ekki einungis í þágu samfélags okkar heldur samræma okkur þeim markmiðum sem unnið er eftir á heimsvísu. Við erum óhrædd við að prófa okkur áfram, vera brautryðjendur og vinnum að því markmiði að móta matvöruverslun framtíðarinnar – allt til að einfalda líf viðskiptavina okkar.

13 AÐGERÐIR Í  
LOFTSLAGSMÁLUM



5 JAFNRÉTTI  
KYNJANNA



3 HEILSA OG  
VELLÍÐAN



11 SJÁLFBÆRAR BORG  
OG SAMFÉLÖG



9 NÝSKÖPUN OG  
UPPBYGGING



12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



10 AUKINN  
JÖFNUÐUR





## MARKMIÐ 2020

Árið 2020 var ár sem krafðist mikils sveigjanleika frá fyrirtækjum, stjórnvöldum og almenningi. Allir þurftu að aðlagast á einn eða annan hátt og takast á við nýjar áskoranir. Fyrir Krónuna voru mörg verkefni og verkferlar sem þurfti að skoða en eitt af því sem þurfti að breytast, tímabundið, var að stíga ákveðin skref til baka. Auknum sóttvörnum fylgdi að þurfa til dæmis að pakka gómsætu bakarísvörunum okkar aftur inn í plast, sem við höfðum lagt mikið á okkur að útrýma. Þrátt fyrir að við höfum þurft að snúa athyglinni að COVID-19 tengdum verkefnum á árinu erum við þakklát og glöð að mörg þeirra markmiða sem við settum okkur fyrir árið 2020 náðust.



**MÖRG ÞEIRRA MARKMIÐA  
SEM VIÐ SETTUM OKKUR  
FYRIR ÁRIÐ 2020 NÁÐUST**

# MARKMIÐ SEM NÁÐUST ÁRIÐ 2020

## BREYTT KÆLIKERFI

Allar nýjar verslanir sem opnaðar voru á árinu 2020 eru með CO2 vistvæn kælikerfi. Farið var í útskipti að hluta í eftirfarandi verslunum, en hér má sjá hlutfall verslana með CO2 vistvæn kælikerfi:

; Jafnasel,	35%	; Lindir	25%
; Flatahraun	25%	; Bildshöfði	25%
; Selfoss,	25%	; Grandi	25%
; Mosfellsbær	30%		



## AUKIN LÝÐHEILSA MEÐ HOLLUSTU Á HEILANUM

Krónan seldi 18% minni sykur á hvern lítra drykkja, frá Coca Cola European Partners, en aðrar matvöruverslanir. Aukning varð í sölu í grænmetis- og ávaxtadeildinni okkar milli ára sem nemur 20%. Við seldum 8 milljónir banana og 300 tonn vínberja. Krónan Hallveigarstíg, Granda og Skeifunni selja hlutfallslega mest af ávöxtum og grænmeti.



## UPPLÝST VAL MJÖG MJÖG MERKILEG MERKI!

Allir hilluverðmiðar í Krónuverslunum og Snjallverslun sýna nú ekki aðeins verðið á vörunni heldur líka hvað einkennir hana, t.d. vegan, lífræn, umhverfisvæn, inniheldur ofnæmisvaldandi efni og svo framvegis. Þetta einfaldar innkaupin fyrir viðskiptavinum okkar.



## BLESS BLESS PLASTBURÐARPOKAR

Í október hættum við alveg með plastburðarpoka og nú einblínum við á fjölnota poka. Í verslunum eru þó pappapokar til sölu því það kemur fyrir alla að gleyma pokunum heima.

Þrátt fyrir 19% söluaukningu almennt í verslunum okkar varð samdráttur í sölu einnota burðarpoka um 19% á sama tímabili. Það segir okkur að viðskiptavinir nýttu fjölnotapokann oftar en áður og virðist meðvitund um fjölnotapokana því vera að aukast, sem gleður Krónuhjartað.



## ENDURVINNA ALLT PLAST Á ÍSLANDI

Frá lokum árs 2020 hefur allt plast verið endurunnið í samstarfi við Pure North í Hveragerði. Allt plast frá okkur er því endurunnið á Íslandi. Áður flokkuðum við einungis hreint plast en nú flokkum við allt plast, líka óhreina kjötplastid.



## SVANSVOTTUN ALLRA VERSLANA KRÓNUNNAR

Í lok árs 2020 náðum við þeim langþróaða áfanga að allar verslanir okkar hlutu Svansvottun. Krónan er því fyrsta matvöruverslunarkeðjan á Íslandi með slíka vottun.



## FLOKKUNARMARKMIÐIN

Allar verslanir okkar náðu flokkunarmarkmiði ársins og það sem meira er, þá náðu 89% verslana flokkunarmarkmiði ársins 2021, sem er 65% endurvinnsluhlutfall. Flokkari ársins er Krónan á Selfossi sem náði 87% endurvinnsluhlutfalli.





## ÖNNUR VERKEFNI

---

Önnur verkefni fóru í biðstöðu, eins og markmið okkar um að auka framboð umbúðalausra vara. Við hófum árið 2020 á metnaðarfullri ráðstefnu um lausnir í umbúðalausum vörum en við vorum ekki fyrr komin heim til Íslands aftur þegar fyrsta bylgja COVID-19 skall á. Þetta markmið er ekki gleymt og stefnum við á að stíga markverð skref í rétta átt árið 2021. Annað verkefni sem fór í biðstöðu voru vatnskranar í verslunum. Okkar markmið er að auka aðgengi að vatnskrönnum í verslunum okkar og þar sé hægt að setja vatn í fjölnota ílát eins og vatnsbrúsa. Þetta mikilvæga verkefni er nú komið á áætlun fyrir sumarið 2021 og mun minnka sölu á vatni í verslunum okkar og draga þannig úr umbúðum sem eru í umferð. Fyrsti Krónu kraninn verður í verslun okkar á Grandi. Stefnan er svo að bæta við fleiri krönnum ef vel er tekið í þennan kost. Við viljum að kranarnir séu aðgengilegir á svæðum þar sem er mikið um ferðamenn. Með þessu vonum við að ferðamenn kynnist enn betur sérstöðu besta vatns í heimi – ókeypis, beint úr krana.





## KAFLI 2:

# UMHVERFISMÁL

Krónan leggur áherslu á þrjá megin umhverfispætti í rekstri sínum, **draga úr matarsóun, spara orku og minnka umbúðir**. Á árinu náðum við árangri á öllum þessum sviðum.

**Pssst...**



Pappírsturðarpokarnir okkar eru FSC vottaðir sem er vottun um sjálfbæra skógrækt.



## ALDREI AFTUR PLASTBURÐARPOKAR

Eitt af stóru verkefnum ársins 2020 sneri að plastburðarpokum. Árið 2019 byrjuðum við að undirbúa okkur fyrir löggjöf sem bannar plastburðarpoka í verslunum, en hún tók gildi 1. janúar 2021, þá hættum við með skjáf-pokana góðu og vorum búin að prófa okkur áfram með sykurreyrsþoka. Þó sykurreyrsþokar hafi verið betri kostur en hinn hefðbundni plastþoki vorum við ekki sannfærð um að sá þoki væri varanleg lausn.

Staðreyndin er sú að það er engin einföld né ein lausn sem leysir fullkomlega umhverfisvandann sem af pokunum hlýst. Eftir langa umhugsun varð það því niðurstaða okkar að leggja alla áherslu á fjölnota þoka en bjóða jafnframt upp á pappírþoka fyrir þá sem kannski gleymdu pokunum sínum heima. Í október tæmdum við lagerinn af sykurreyrsþokunum því við vildum ekki farga þeim, og urðum þannig plastburðarpokalaus, um þremur mánuðum á undan gildistöku löggjafarinnar.

**Á þeim þremur mánuðum spöruðum við umhverfinu meira en milljón plastþoka.** Við vitum að hluti viðskiptavina er enn að venjast þessu – skiljanlega. Við erum því gríðarlega þakklát fyrir það að viðskiptavinir taki þessi skref með okkur. Í sameiningu getum við haldið áfram að leita lausna sem er umhverfinu og okkur öllum í hag.

# FYRSTA SVANSVOTTADA VERSLUNARKEÐJAN Á ÍSLANDI

Árið 2019 náðum við þeim merka áfanga að verða fyrst matvöruverslana á Íslandi til að hljóta Svansvottun þegar Krónan í Garðabæ og Árbæ hlutu Svansvottun. Þá settum við okkur það markmið að á árinu 2020 yrðu allar verslanir okkar Svansvottaðar - sem tókst á seinni hluta ársins. Þetta er mikilvægt skref fyrir Krónuna í umhverfismálum. Svansvottuninni þarf að viðhalda og við verðum því að vera á tánum til að halda vottuninni og fylgja kröfum og markmiðum.

Stærsta verkefnið var að bæta allt skráningarferli vara. Af því er mikill ávinningur, bæði fyrir Krónuna og viðskiptavinum, því þetta jók gagnsæi með aðgengilegri upplýsingum um vörurnar okkar. Einnig er krafa um að vottaðar matvöruverslanir bjóði ákveðið vöruúrval af lífrænni og umhverfisvottaðri vöru og mun Krónan nýta sér þessa gagnaskráningu til að miðla á hilluverðmiðum ef varan er t.d. lífræn og/eða umhverfisvottuð. Þannig getur viðskiptavinurinn með einföldum hætti séð hvort varan uppfylli skilyrði hans.


## Hvað er Svansvottun?

Opinbert og vel þekkt umhverfismerki á Norðurlöndunum sem hefur m.a. með það markmið að lágmarka umhverfisleg áhrif á neyslu og framleiðslu vara.



„Stærsta verkefnið okkar til að hljóta Svanninn var að bæta allt skráningarferli á vörum. Ávinningur af því fyrir Krónuna og viðskiptavinum snýr ekki einungis að umhverfismálum heldur jókst gagnsæi með aðgengilegri upplýsingum um vörurnar.“

Hjördís Elsa Ásgeirsdóttir,  
markaðsstjóri Krónunnar



„Vegferð fyrirtækja í umhverfismálum getur getur verið flókin og stundum óskýr. Svansvottun er því skýr og metnaðarfull leið fyrir fyrirtæki að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið með kerfisbundnum hætti, því Svannurinn gerir ríkar umhverfiskröfur.“

Hildur Harðardóttir,  
markaðsstjóri Svansins á Íslandi

## Svansvottun Krónunnar þýðir að:

●	20% af öllum rekstrarvörum sem Krónan selur eru umhverfisvottaðar
●	4% af matar- og drykkjarvöru eru lífrænt vottaðar
●	Markviss áhersla lögð á að sporna við matarsóun og flokkun er til fyrirmyndar
●	Virk orkustefna sem dregur úr orkunotkun
●	Krónan notar einungis umhverfisvottaðar ræsti- og hreinlætisvörur fyrir eigin þrif og rekstur



## Pssst...



Í ár seldum við 65% af þeim vörum sem annars hefðu verið afskráðar vegna gæða. Við stefnum svo á að gera enn betur og auka þetta hlutfall næstu árin.

## VIÐ ELSKUM MAT... EN EKKI MATARSÓUN!

Stærsta og jafnframt mikilvægasta umhverfismarkmið okkar er að minnka matarsóun. Alþjóðastofnanir áætla að um þriðjungi allra matvæla sem framleidd eru á heimsvísu sé hent. Matvælum getur verið hent á ýmsum stigum, meðal annars í framleiðsluferli eða við dreifingu, en stór hluti vandans hefur legið hjá stórmörkuðum og neytandanum sjálfum. Þar viljum við stíga stór skref og gera allt sem í okkar valdi stendur til að draga úr. Við teljum að ef betri nýting næst á matvælum hafi það margföld áhrif til góðs á umhverfi okkar og minnki kolefnisfótsporið.


Við leggjum áherslu á að finna leiðir til að minnka matarsóun í allri aðfangakeðju okkar. Allt frá því að nýta gögn til skynsamra innkaupa yfir í að selja vörur á lækkuðu verði á *síðasta séns* eða gefa matvæli sem ekki er hægt að selja.

Við nálgumst matarsóun með fjölbreyttum hætti. Á árinu seldum við 899 þúsund einingar á *síðasta séns*. Við leggjum líka áherslu á að miðla til viðskiptavina okkar góðum ráðum um hvernig megi nýta afganga og hráefni sem er lúið, eins og brúna banana eða slappt grænmeti, því við teljum að breytingar hafi áhrif á alla virðisakeðjuna. Við forðumst líka að bjóða viðskiptavinum okkar upp á stórar magneiningar eða óhófleg magntilboð til að auka ekki líkur á matarsóun á heimilunum.

ÞREYTTIR AÐ UTAN,  
SÆTIR AÐ INNAN.

# UMBÚÐASTEFNA KRÓNUNNAR

Hjá Krónunni vinnum við eftir ákveðinni stefnu sem varðar umbúðir. Við byrjum alltaf á að kanna hvort hægt sé að þjóða vöruna umbúðalaus. Stundum er það flóknara, plastlaus gúrka endist mun skemur en gúrka í plasti og þá eykst hættan á matarsóun umtalsvert. Ef varan getur ekki verið umbúðalaus skoðum við aðrar leiðir eins og umhverfisvænni umbúðir, hvort þær séu endurnýtanlegar eða geti jafnvel fengið algjörlega nýtt hlutverk, t.d. með samstarfi í gegnum Plastplan. Ef ekkert af þessu er mögulegt þá gildir ávallt að flokka og endurvinna.



# ÞJÓÐPRIF OG PURE NORTH

Krónan er með í Þjóðprifum sem er átaksverkefni á vegum Pure North. Verkefnið er unnið í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og áætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum og fellur jafnframt að markmiðum Íslands í málefnum plasts. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á nauðsyn þess að Íslendingar sem þjóð taki ábyrgð á eigin endurvinnslu og tryggi að endurnýtanleg hráefni verði hluti af hringrásarhagkerfi plasts. Verkefnið tryggir með vottuðu ferli að plastefni séu í raun endurninn og þ.a.l. ekki urðuð, brennd eða send óunnin til annarra landa. Nú er allt plast úr rekstri Krónunnar endurunnið í gegnum Pure North.



# PLASTIÐ FÆR NÝJAN TILGANG



Við höldum áfram stórskemmtilegu samstarfi við sprotafyrirtækið Plastplan á árinu. Plastplan miðar að því að endurvinna allt plast sem fellur til í verslun Krónunnar á Granda, m.a. úr afpökkunarborði og gefa því framhaldslíf. Plastplan vinnur úr plastinu fjölbreytta nytjahluti sem Krónan notar aftur í rekstri sínum. Með þessu verður til hringrás plasts. Árið 2020 fengu 1.008 kg af plasti úr Krónunni nýtt hlutverk með hjálp Plastplans.



	KG
Plastmagn endurunnið 2020	1.008
Sundurliðun: PP (5)	314
PE (4&6)	662,4
Annað	41,6

## Á tímabilinu framleiddum við 3.665 hluti þar af:

Skiljur	162 stk.
Blómapotta	3 stk.
Verðlaunapeninga	3500 stk.



„Við teljum samstarfið við Krónuna frábæran vettvang til að takast á við plastsóun. Okkur gefst tækifæri til að fræða um raunverulega plastendurvinnslu og miðla áfram tækifærum sem leynast í nýtingu hráefnisins. Með stöðugu samstarfi er grundvöllur skapaður til að hafa víðtæk og jákvæð áhrif á hugsunarhátt með uppbyggilegri fræðslu.“

Björn Steinar Blumenstein  
og Brynjólfur Stefánsson,  
stofnendur Plastplans



# ÞESSI LOKAÐA TÝPA

Mikla raforku þarf til að reka verslanir okkar en það er ýmislegt hægt að gera til að draga úr orkusóun. Þess vegna veljum við orkusparandi búnað við byggingu nýrra verslana með því að velja lokaða kæla og frysta, CO2 vistvæn kælikerfi og LED lýsingu sem hefur leitt til 25-50% minni orkusóunar. Við það að skipta yfir í lokaða kæla minnkaði einnig þörfin á að hita verslanirnar.

Heildarorkunotkun Krónunnar var 10.543.942 kWst á árinu 2020.



ÉGER ÞESSI  
LOKAÐA TÝPA!  
25-35%  
MINNI ORKUSÓUN AF ÞVI  
AÐ KÆLAR ERU LOKADIR  
ÞESS VEGNA FER  
20-30%  
MINNI ORKA Í AÐ HITA  
UPP ÞESSA KRÖNU

## Um CO2 vistvænt kælikerfi:

Þau eru 100% vistvæn og hönnuð þannig að kolefnissporið sé í algjöru lágmarki og viðhald lítið.

## VERSLANIR MEÐ CO2 VISTVÆNT KÆLIKERFI

	Krónan Akranesi	0%
	Krónan Árbæ	0%
✓	Krónan Austurvei	100%
	Krónan Bíldshöfða	25%
	Krónan Breiðholti	35%
	Krónan Flatahrauni	25%
✓	Krónan Garðabæ	100%
	Krónan Grafarholti	0%
	Krónan Granda	25%
✓	Krónan Hallveigarstíg	100%
	Krónan Hamraborg	0%
	Krónan Hvaleyrarbraut	0%
✓	Krónan Hvolsvelli	100%
	Krónan Lindum	25%
	Krónan Mosfellsbæ	30%
✓	Krónan Norðurhelli	100%
	Krónan Nóatúni	0%
	Krónan Reyðarfirði	0%
	Krónan Reykjanesbæ	0%
	Krónan Selfossi	25%
	Krónan Skeifunni	0%
	Krónan Vallakór	0%
	Krónan Vestmannaeyjum	0%
✓	Kr.- Vík	100%

## FLOKKUNARHLUTFALL EYKST

Þrátt fyrir þrjár nýjar Krónuverlanir og 19% söluaukningu náðum við að draga úr almennu sorpi um 108 tonn.


## FLOKKARI ÁRSINS

Allar verlanir okkar náðu flokkunarmarkmiði ársins og það sem meira er, þá náðu 89% verslana flokkunarmarkmiði ársins 2021, sem er 65% endurvinnsluhlutfall. Flokkari ársins er Krónan á Selfossi sem náði 87% endurvinnsluhlutfalli.


Tafla 2: Flokkunarmarkmið Krónunnar 2019-2021

	Endurvinnsluhlutfall	Almennt sorp
2019	60%	40%
2020	62%	38%
2021	65%	35%

MYND 1: HEILDARMAGN HELSTU ÚRGANGSFLOKKA Í KRÓNUNNI, KR OG NÓTATÚNI 2016-2020



MYND 2: FLOKKUNARHLUTFALL





**Pssst...**

Selt magn grænmetis á Bændamarkaði jókst um 8% á milli ára. Mestur áhugi var á káli, salati og rótargrænmeti, þar var aukningin 21% og sala á rauðri papriku jókst um tæp 30%.



## BRAKANDI FERSKT ÍSLENSKT GRÆNMETI BEINT FRÁ BÓNDA

Það er fátt betra en brakandi ferskt íslenskt grænmeti. Bændamarkaðurinn, sem við höldum á haustin, er okkur mjög mikilvægur vegna þess að þar stillum við fram nýuppteknu, íslensku grænmeti á há-uppskerutíma í íslenskum landbúnaði. Það segir enginn nei við brakandi ferski gúrku eða nýuppteknum kartöflum. Svo er íslenskt grænmeti svo sannarlega með minnsta kolefnisspor sem völ er á. Við stillum grænmetinu á Bændamarkaðnum fram plast- og umbúðarlausu eins og hægt er, en umbúðalausum vörum fjölgaði þar þetta árið. Í ár vorum við með svokallað „Bændabox“ í boði í Snjallverslun okkar, stútfullt af nýju uppskerunni, beint heim að dyrum.



**MMM...ÞAÐ ER FÁTT BETRA  
EN BRAKANDI FERSKT  
ÍSLENSKT GRÆNMETI**



## KAFLI 3: LÝÐHEILSA

Við erum með hollustuna á heilanum alla daga ársins, elskum hollar og ferskar matvörur og það gera viðskiptavinir okkar líka. Við röðum **hollari kostum framur þeim óhollari** og látum grænmeti og ávexti taka á móti viðskiptavinum þegar komið er inn í verslanir okkar. Það var því mikið fagnaðarefni að sjá að upplifun viðskiptavina er sú að hjá okkur séu „**bestu gæði ávaxta- og grænmetis**“ samkvæmt lífsstíls- og neyslukönnun Gallup 2020.

**Pssst...**



Magn sykurs mælt í grömmum á lítra hefur minnkað um 31% frá 2015. Það sem er athyglisvert er að magn sykurs hjá okkur er um 18% minna en er á markaðnum í heild sinni árið 2020, í samanburði við 8% árið 2015 (Tölur frá CCEP).



## VEGANÚAR



Krónan elskar allt grænt og gómsætt. Æ fleiri kjósa að gera tilraunir með grænkerafæði í janúar eða *veganúar* eins og mánuðurinn er oft kallaður. Við höfum undanfarin ár stóraukið framboð vegan vara í verslunum okkar og sérmerkjum þær vörur, bæði í hefðbundnum verslunum og í Snjallverslun.

Á samfélagsmiðlum Krónunnar kölluðum við svo eftir virkara samtali við viðskiptavini um þær vegan vörur sem Krónan ætti að bæta við í vöruúrval sitt. Okkur bárust yfir 400 ábendingar á Facebook og Instagram og tókum saman svör og miðluðum til innkaupadeildar sem var fljót að bregðast við. Í kjölfarið bættum við mörgum vörum inn og fengum frábærar undirtektir.

Sala á jurta-, soja- og möndluafurðum hefur aukist í það heila um tæp 30%. Helst ber að nefna sölu á jurta-, soja- og möndlumjólk en salan hefur stóraukist milli ára eða um rúm 50%.

**Pssst...**



Árið 2020 seldust tæplega 370 þús. stk. í gegnum bland í poka ávaxtabarinn. Ef við miðum við að í hverjum poka séu 5 ávextir eru það samtals 1.8 milljón stk. ávaxta.

## BITI FYRIR BÖRNIN

Biti fyrir börnin er verkefni sem okkur þykir gríðarlega vænt um. Við erum meðvituð um að börn hafa ekki alltaf þolinmæði fyrir innkaupaferð foreldra og viljum gera eitthvað litríkt og nærandi til að gleðja yngstu viðskiptavini okkar. Því er ekki að neita að COVID-19 setti umtalsvert strík í reikninginn. Í fyrstu löguðum við úrvalið að því og buðum einungis upp á klementínur og banana, en þegar smittfjöldi fór vaxandi og aðgerðir voru hertar var ekki um annað að ræða en að gera hlé. Um leið og smitstuðull fór niður tókum við upp þráðinn á ný. Vegna COVID-19 eru umtalsvert færri ávextir gefnir í ár en árið á undan. Við vonum svo sannarlega að árið 2021 verði með öðru móti.



**SÖLUÁUKNING Á GRÆNMETI OG ÁVÖXTUM  
NEMUR 20% Á MILLI ÁRA**

## SNARLIÐ

Snarlið er eitt af samfélagsverkefnum okkar. Við teljum mikilvægt strax frá upphafi að vekja áhuga á hollri matargerð og gera hana litríka og spennandi. Þess vegna höfum við gert matreiðslumyndbönd og haldið ókeypis matreiðslunámskeið fyrir börn. COVID-19 stoppaði matreiðslunámskeiðin en í staðinn lögðum við aukna áherslu á myndböndin. Í þeim leggjum við upp með að fá börn til að kenna börnum. Það vakti svo sérstaka lukku þegar við fengum börn til að smakka fjölbreyttan og öðruvísi mat með myndnum og skemmtilegum hætti. Myndböndin eru aðgengileg á Snarlið.is og á YouTube síðu Snarlins og má þar nú finna fjöldann allan af stuttum matreiðslumyndböndum fyrir börn, unglinga og alla sem eru að taka sín fyrstu skref í eldhúsinu.



NÚ ERU 155.467 ÁHORF  
Á NÝJUSTU SERÍUNA  
Á YOUTUBE



„Það er alltaf gaman að vinna með hugmyndaríkum krökkum og taka þátt í nýjum matarupplifunum með þeim. Ég áttaði mig líka á að krakkar eru töluvert meðvitaðri um mat og innihald hans í dag en áður. Þau göldruðu fram ævintýranlega rétti hvort sem það var steik og bernaise eða ferðalaganesti.“

Völundur Snær,  
matreiðslumaður



**SMELTU HÉR TIL AÐ HORFA Á MYNDBANDIÐ**






## KRÓNUVERSLUN Á HJÓLUM

Sumarið 2020 varð umhverfisvæn, holl og færanleg Krónuverzlun að veruleika, eða Krónuhjólíð. Krónan ákvað að taka þátt í götubita-hátíðum sumarsins og flakka á milli hverfa og bjóða fjölskyldufólki upp á hollasta bland í poka sem völ er á - ávaxtabarinn!

Við endurnýttum gamalt hjól og gáfum því gleðilegt gult nýtt líf. Vinir okkar í Plastplan bjuggu svo til fallega blómappotta úr plasti-  
inu sem hafði fallið til í verslun okkar á Granda. Pottarnir voru skemmtilegt skraut á hjólið en í þeim voru æt blóm sem slógu í gegn hjá yngstu krökkunum. Við buðum líka upp á þeytinga úr ávöxtum á síðasta séns, allt til að draga úr matarsóun. Þeytingarnir voru framreiddir í niðurbrjótanlegum glösom.

Vonandi verða enn fleiri viðburðir sumarið 2021 sem hjólið getur rúllað á milli en í vetur hefur hjólið verið nýtt í skemmtilegar framstillingar í verslunum okkar.

SMELTU HÉR TIL AÐ HORFA Á MYNDBANDIÐ



# SKEMMTILEGASTA SPURNING DAGSINS

Í nútímasamfélagi þar sem kröfur til allra eru miklar getur grundvallar-spurningin „Hvað eigum við að hafa í matinn í kvöld?“ stundum orðið okkur um megn. Með þetta í huga þróuðum við Korter í 4 línuna okkar, því við viljum breyta þessu í skemmtilegustu spurningu dagsins. Korter í 4 er einfalt og hollt og fyrir fjölskyldur af öllum stærðum. Á þessu ári fórum við í miklar breytingar á Korter í 4 og í samstarf við Happ. Niðurstaðan varð lína sem byggir á þremur einföldum skrefum: Velja prótein, meðlæti og sósu. Pakkningarnar eru miðaðar fyrir tvo og henta þannig bæði minni og stærri heimilum og þar sem er fjölbreytni í mataræði. Hægt er púsla máltíðunum saman með ólíkum hætti, eitt meðlæti fyrir þann sem er vegan og annað sem hentar þeim með glúten-óþol. Próteinið og meðlætið kemur niðurskorið eða kryddað og skorið í hentugar stærðir. Það er t.d. mjög einfalt að skella niðurskornum nautakjötsstrimlum og wok grænmeti á pönnu, skutla wok sósu yfir og á örfáum mínútum er holl og bragðgóð máltíð tilbúin.



„HVAÐ EIGUM VIÐ AÐ HAF  
Í MATINN Í KVÖLD?“

Rauði þráðurinn í gegnum allt sem Happ hefur unnið að er að bæta heilsu og lífsgæði og auka aðgengi að hollum valkosti fyrir alla og Krónan hefur unnið að sömu markmiðum. Það var því einstakt tækifæri að taka höndum saman og þróa Korter í 4 línuna út frá þessari hugsjón sem við deilum.

**SMELTU HÉR TIL AÐ HORFA Á MYNDBANDIÐ**



**Pssst...**

Við röðum hollustu framar en sætindum í verslunum okkar og ekkert sælgæti er að finna við afgreiðslukassana.



## VERSLANIR MED HJARTA

Á árinu voru opnaðar þrjár nýjar verslanir, við Norðurhelli, Hallveigarstíg og í Austurveri. Við hönnun verslananna var horft til umhverfis- og lýðheilsuáhrifa. Verslanirnar eru allar búnar lokuðum kælum sem skilar 25–30% orkusparnaði og notast við Led lýsingu. Allar nýju verslanirnar nota CO2 vistvæn kælikerfi. Hlutfall ferskvöru í verslununum hefur verið aukið og eftir sem áður er hollustu raðað framar en sætmeti og ekkert sælgæti er að finna á kössum. Þá er ferskvara hlutfallslega stærst á móti þurrvöru, bæði í fermetrum og sölu. Á Hallveigarstíg var ákveðið að vera einungis með sjálfs-afgreiðslukassa því þannig nýtist rýmið betur. Það er þó alltaf starfsmaður á vakt sem er boðinn og búinn að aðstoða viðskiptavini. Með þessu náum við að tryggja enn betra vöruframboð í miðbænum.

**FRERSKVARA ER HLUTFALLSLEGA  
STÆRST Á MÓTI ÞURRVÖRU,  
BÆÐI Í FERMETRUM OG SÖLU**







## **KAFLI 4:** **UPPLÝST VAL**


Við leggjum mikla áherslu á að viðskiptavinir okkar geri **góð kaup**. Við vöndum því til verka að **upplýsa sem best** um vörurnar okkar, til dæmis hvort hún sé vegan eða lífræn. Einnig högum við því þannig að auðvelt sé fyrir viðskiptavini að vita hvaðan varan kemur og hvað hún inniheldur.

# MEÐ SNJALLVERSLUN Í VASANUM


Mesta breytingin sem við gerðum árið 2020 var að opna Snjallverslun Krónunnar. Áætlanir okkar miðuðu að því að verslunin yrði opnuð á seinni hluta ársins en þegar COVID-19 faraldurinn hófst áttuðum við okkur á því að það þyrfti að hraða ferlinu til að koma til móts við framlínuna, áhættuhópa, fólk í sóttkví eða einangrun og alla hina sem kjósa að versla í matinn heima. Eins og oft áður þróuðum við hugmyndina áfram í samvinnu og samtali við viðskiptavinum okkar.

Snjallverslunin opnaði fyrst fyrir fólk í framlínunni, sem stóð og stendur áfram vaktina í miðjum heimsfaraldri, en smátt og smátt stækkuðum við hópinn. Fyrstu notendur voru meðlimir í Facebookhóp þar sem hægt var að koma með tillögur að úrbótum og láta okkur vita samstundis af hugsanlegu flækjustigi sem kæmi upp. Með þessu samtali náðum við ótrúlegum árangri á stuttum tíma. Snjallverslun er þróuð með gagnsæi í huga, að þar sé hægt að nálgast allar upplýsingar um matvöruna, þekkta ofnæmisvalda og gera verðkönnun. Viðskiptavinur sem staddur er í annari matvöruverslun getur t.d. skannað vöruna inn og séð hvað sama vara kostar í Krónunni. Einnig einfaldaði þetta fólk lífið við að finna umhverfsvottaðar vörur í úrvali, því í Snjallversluninni er auðvelt að sjá hvort vörur séu með umhverfsvottun.

Með hjálp viðskiptavina lærðum við að forgangsraða verkefnum og átta okkur á hver þörfin var í raun Þróunin í samtalinu leiddi til dæmis í ljós að það er mismunandi hvort viðskiptavinur vill aðra vöru í stað þess sem var pöntuð, ef varan er ekki til. Við fundum því lausn og bjóðum nú upp á að viðskiptavinur geti valið sjálfur.



**SMELTU HÉR TIL AÐ HORFA Á MYNDBANDIÐ**





## ÓDÝRARI KOSTURINN

Matarinnkaup krefjast mikils skipulags ef vel á að vera. Fjölmargin leitast við að gera betur í þeim eignum og vilja vera vel upplýstir um hversu miklu er eytt í matarinnkaup. Við einfölduðum þetta fyrir viðskiptavinum okkar og innleiddum sérmerkinguna *Ódýrt*. Merkingin hjálpar viðskiptavinum okkar að átta sig betur á því hver ódýrasti kosturinn er í hverjum vöruflokki og á samkeppnishæfu verði við ódýrasta kostinn í öðrum matvöruverslunum. Við stilltum jafnframt ódýrari kostum fram sérstaklega í verslunum okkar. Með þessu setjum við það í hendur viðskiptavina hvort þeir vilji spara eða splæsa.

ÞESSI GULA SPARAR  
ÞÉR KRÓNURNAR





**KAFLI 5:**

# **VIÐ ELSKUM JAFNRÉTTI**

Við viljum að Krónan sé **frábær vinnustaður** og gott starfsfólk er lykillinn að því. Áhersla er lögð á að starfsfólki líði vel í vinnunni og hafi tök á að þróast í starfi. Aðalsmerki starfsfólks okkar er **Krónuhjartað**, en það snýst um að hafa einlægan vilja til að gera betur í dag en í gær því **saman getum við allt**.

„Það sem gerir Krónuna að góðum vinnustað er sambland af léttu andrúmslofti og krefjandi verkefnum sem gerir manni kleift að vera maður sjálfur en á sama tíma vaxa og dafna í starfi.“

Fjóra Raket,  
byrjaði í hlutastarfi í verslun en vann sig upp í stöðu aðstoðarvöruflokkastjóra



## # TEAM # KRÓNAN

Í starfsmannahópi okkar eru einstaklingar sem hófu starfsferil sinn á að fylla á í búðum en hafa með árunum unnið sig upp í stöðugildum, hvort sem það er í verslunarstjórastöður eða í starf á skrifstofunni.

## LAUNAHLUTFALL EFTIR KYNI



Við hlutum vottun á jafnlaunakerfið okkar árið 2019 en höfum starfað eftir því kerfi síðan 2017. Við framkvæmum jafnlaunagreiðingu reglulega þar sem launamunur kynjanna er mældur ásamt því að frávík milli launa og vögunar starfa eru sérstaklega skoðuð. Í kjölfar greiningar eru tækifæri til umbóta og jafnlaunamarkmið endurskoðuð. Í launagreiðingu fyrir 2020 mældist óútskýrður launamunur kynjanna 0,71% en var 3,59% árið 2019. Krónan fylgir íslenska staðlinum ÍST 85:2012 um jafnlaunakerfi.

# KYNJAHLUTFÖLL Í KRÓNUNNI 2020

LÝSING	2020 KONUR	2020 KARLAR
Framkvæmdastjóri	100%	
Næstu stjórnendur	25%	75%
Framlínustjórnendur	27%	73%
Krónan – heild	37%	63%

## STARFSMANNAVELTA

Hjá okkur starfa að meðaltali um 960 einstaklingar í 449 stöðugildum. Hjá okkur starfa margir undir 20 ára aldri, oft í hlutastarfi með námi og staldrar það starfsfólk skemur við almennt. Ekki er hægt að greina hlutfall starfsmannaveltu milli fastráðinna og lausráðinna eða þeirra sem eru í tímabundnum verkefnum.

## JAFNRÉTTI KYNJANNA

Eitt af jafnlaunamarkmiðum Krónunnar er að jafna kynjahlutfall í hópi stjórnenda og er stefnan sett á að það náist árið 2021.

## AÐGERÐIR GEGN MISMUNUN

Hvers kyns mismunun á grundvelli kynferðis er andstætt stefnu okkar og á hverju ári gerum við ráð fyrir fræðslu um jafnréttismál fyrir starfsfólk okkar. Krónan vinnur líka að því að veita starfsfólki sveigjanlegan vinnutíma til að auðvelda samþættingu fjölskyldulífs og vinnu. Við leggjum áherslu á að starfsumhverfi okkar sé þannig að öllum geti liðið vel, enda vinnan mikilvægur hluti af lífi fólks.

Við fylgjum lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, sem og öðrum reglum og lögum um að allir skuli fá greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.



HEIMSMARKMIÐ

## MANNRÉTTINDI

---

Krónan er með skýra stefnu og viðbragðsáætlun í málum er varða einelti og áreitni á vinnustað. Slík mál eru ekki liðin hjá okkur og fræðum við starfsfólk okkar reglulega um hvaða hegðun og samskipti teljast ekki eðlileg. Á haustin er haldið vinnuverndar-námskeið þar sem starfsfólk Krónunnar fer saman yfir aðgerðir og stefnu er varða einelti og áreitni. Með stefnu okkar erum við í takt við sáttmála Samtaka atvinnulífsins og stuðlum að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi. Einnig má tilkynna einelti undir nafnleynd á öruggan hátt til hlutlausra ráðgjafa Siðferðisgáttarinnar ef starfsmaður verður fyrir óæskilegri framkomu eða upplifir vanlíðan í vinnunni. Það ríkir alltaf trúnaður um slíkar tilkynningar.



**MEÐ STEFNU OKKAR ERUM VIÐ Í TAKT  
VIÐ SÁTTMÁLA SAMTAKA ATVINNULÍFSINS  
OG STUÐLUM AÐ ÖRUGGU  
OG HEILSUSAMLEGU VINNUMHVERFI**

## HEILSA OG ÖRYGGI

---

Við leggjum okkur fram við að stuðla að bættri heilsu og aukinni vellíðan í vinnuumhverfi okkar. Markmið okkar er að standa vörð um heilsu starfsfólks okkar, tryggja heilsusamlegt og gott vinnuumhverfi sem og auka ánægju þess. Við styrkjum því starfsfólk til íþrótt- og tómstundaiðkunar og stefnum á að gera þar enn betur árið 2021. Einnig höfum við markað okkur stefnu um hollustuhætti og vinnuvernd.

## ATVINNA MEÐ STUÐNINGI

---

Við erum í samstarfi við Vinnumálastofnun í verkefni sem kallast atvinna með stuðningi (AMS). Það felur í sér að veita einstaklingum sem búa við skerta starfsgetu, af einhverjum orsökum, þjálfun í starfi og stuðning. Við höfum tekið þátt í þessu verkefni í 18 ár og nú starfa 30 AMS starfsmenn hjá okkur. Á árinu tók ferlið breytingum hjá okkur þegar við lærðum og áttuðum okkur á að best væri að verkefnið heyrði undir skrifstofuna en ekki verslunarstjóra hversrar verslunar. Þannig fáum við betri yfirsýn og verkefnið hefur ekki áhrif á beinan rekstrarkostnað verslana.



**HEIMSMARKMIÐ**



## GOTT AÐ VINNA HJÁ KRÓNUNNI

Eins og hjá öllum einkenndist árið hjá okkur af COVID-19 faraldrinum. Starfsfólkið stóð þétt saman og gerði viðskiptavinum okkar kleift að versla í hreinu og öruggu umhverfi. Þá var að mörgu að huga í verslunum okkar, meðal annars hvernig sóttvörnum væri háttað, hvernig við gætum passað upp á okkar starfsfólk – enda snertifletir verslana margir og fjöldi fólks sem fer þar um á degi hverjum. Allir fylgdust vel með tilmælum yfirvalda um sóttvarnir og fjöldatakmarkanir og verkferlar virkjaðir í takt hverju sinni. Óneitanlega reyndi þetta á starfsfólk, enda verslunarfólk hluti af framlínunni í faraldrinum. Samkvæmt vinnustaðagreiningu var heildaránægja starfsfólks okkar 4,28 á árinu, á skalanum 0-5. Það er marktækt hærra en hjá öðrum sambærilegum fyrirtækjum. Hækkunin var um 0,12 frá síðustu könnun.

„Þær voru margar áskoranirnar sem við stóðum frammi fyrir í fyrstu bylgjunni. Við þurftum að passa upp á tveggja metra regluna og eiga nóg af vörum í hillunum svo enginn héldi að það væri vöruskortur. Við fundum fyrir því að fólk var hrætt og stundum bitnaði það á starfsfólki. Álagið var því nokkuð mikið. Hins vegar áttaði maður sig á hvað samheldni skiptir miklu máli því það var mjög faglega staðið að hlutum og góð samskipti frá skrifstofu til okkar í verslunum.“

Geir Magnússon,  
verslunarstjóri í Krónunni á Granda 2020,  
en nú sérfræðingur í viðskiptaþróun





## KAFLI 6: VIÐ OG SAMFÉLAGIÐ

Á hverju ári leggjum við okkar á vogarskálarnar, bæði stórt og smátt, svo að **framtíðarkynslóðir** eigi þess kost að alast upp við aðgengi að hreyfingu og hollri matvöru. Á árinu settum við samtals **12 milljónir kr.** í samfélagsstyrki og matarúthlutunir.

# SAMFÉLAGSSTYRKIR

Við gerum okkur grein fyrir að í krafti stærðar getum við haft áhrif til góðs og viljum sýna samfélagslega ábyrgð í verki. Í ár sóttu 140 félög og samtök um styrki til okkar og þökkum við öllum kærlega fyrir umsóknirnar.



## SAMFÉLAGSSTYRKIR ÁRÍÐ 2020

●	FRAM í Reykjavík, fyrir knattspyrnudeild barna
●	Stjarnan í Garðabæ, fyrir handknattleiksdeild barna
●	HK í Kópavogi, fyrir Krónumót yngri flokka karla og kvenna í knattspyrnu
●	Íþróttabandalag Akraness, fyrir tæki, tól og orku á Umhverfisdegi Akraness
●	Golfklúbburinn Leynir á Akranesi, fyrir sumarnámskeið barna
●	Brettafélag Hafnarfjarðar, fyrir hjólabretti til láns
●	Foreldrafélag Áslandsskóla í Hafnarfirði, fyrir fótboltavelli hjá Áslandsskóla
●	Skeiðvangur á Hvolsvelli, fyrir hestanámskeið fyrir börn
●	Kjötsúpuhátíðin á Hvolsvelli, fyrir aðfangakostnað hátíðarinnar
●	Fræðslunefnd fatlaðra í Hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ, fyrir reiðnámskeið fatlaðra og hreyfihamlaðra
●	Helgafellsskóli í Mosfellsbæ, fyrir skynörvunarherbergi (e. Snoezelen)
●	Afturelding í Mosfellsbæ, fyrir úthlutun endurskinsmerkja til grunnskólanemenda í bænum
●	Skógræktarfélag Reyðarfjarðar, fyrir trjákurli sem nýttist í stígagerð
●	Skemmtifélag Stöðvarfjarðar, fyrir Frisbí golfvelli
●	Soroptimistaklúbbur Keflavíkur, fyrir fyrirlesurum á sjálfstyrkingarnámskeið stúlkna
●	Sundráð ÍRB í Reykjanesbæ, fyrir æfingabúnaði
●	Skautafélag Reykjavíkur, fyrir Krónumótið í íshökkídeild barna
●	Körfuknattleiksdeild Hamars á Selfossi, fyrir æfingabúnaði
●	Kerhólsskóli á Selfossi, fyrir námsferðum barna sem efla tengsl nemenda við nærsamfélag sitt
●	ÍBV í Vestmannaeyjum, fyrir handboltanámskeið barna
●	Ægir í Þorlákshöfn, fyrir knattspyrnudeild barna
●	Skógræktarfélag Rangæinga á Hellu, fyrir leiktækjum við göngustíg í Bolholtsskógi
●	Tónsmiðjan á Klaustri, fyrir tómstundaiðkun barna og unglinga
●	Þjörgunarsveitin Víkverji í Vík, fyrir uppbyggingu
●	Vegan Heilsa í Reykjavík, fyrir ráðstefnukostnaði



## JÓLASTYRKIRNIR



Krónan styrkti góðgerðafélag til matarúthlutana með rúmum 6 milljónum kr. fyrir jólin. En í ár, að ósk viðskiptavina okkar, buðum við einnig upp á viðbót við styrkina og var hægt að velja að bæta við örlítili upphæð þegar verslað var hjá okkur. Viðskiptavinir Krónunnar styrktu því matarúthlutanir, bæði í sjálfsafgreiðslu og í gegnum Snjallverslun okkar, um 355.000 kr.

### FÉLÖG SEM HLUTU JÓLASTYRK ÁRIÐ 2020

- Mæðrastyrksnefnd Kópavogs
- Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur
- Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar
- Hjálpræðisherinn
- Jólasjóður Fjarðabyggðar
- Hjálparstarf Þjóðkirkjunnar
- Selfoskirkja
- Landakirkja í Vestmannaeyjum
- Velferðarsvið Reykjanesbæjar
- Soroptimistafélag Mosfellsbæjar



## KAFLI 7: Í ALVÖRU TAKK

Fátt hvetur okkur meira áfram en okkar frábæri hópur viðskiptavina, sem fer ört stækkandi, og við köllum gjarnan Krónuvini. Við **gleðjumst því einlæglega** yfir öllum þeim verðlaunum sem við höfum fengið í gegnum árin. Mest gleðjumst við þó yfir að eiga **ánægðustu viðskiptavinina** fjórða árið í röð, því það veitir okkur vind í seglin til að halda áfram á þeirri góðu vegferð sem við teljum Krónuna vera á.

## ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN



Viðskiptavinir okkar voru ánægðustu viðskiptavinirnir á matvörumarkaði fjórða árið í röð. Takk Krónuvinir! Sex fyrirtæki voru marktækt stigahæst á sínum markaði og vorum við hæst allra á matvörumarkaði með 74,2 stig.

## VERÐLAUN FYRIR BESTU SAMFÉLAGSSKÝRSLUNA

Fyrsta samfélagsskýrslan okkar fékk verðlaun sem besta samfélagskýrsla ársins 2019 og erum við afar ánægð með þann árangur. Var þetta í þriðja sinn sem Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð, Stjórnvísí og Viðskiptaráð Íslands veittu þessi verðlaun. Dómnefndin taldi okkar skýrslu þá eftirtektarverðustu.



FYRSTA SAMFÉLAGSSKÝRSLAN  
OKKAR FÉKK VERÐLAUN SEM BESTA  
SAMFÉLAGSSKÝRSLA ÁRSINS 2019

## EITT AF 5 ÍMARK FYRIRTÆKJUNUM



Í desember fengum við tilnefningu til markaðsverðlauna ÍMARK sem markaðsfyrirtæki ársins 2020. Fimm fyrirtæki voru tilnefnd en verðlaunin eru veitt því fyrirtæki sem dómnefnd telur hafa náð framúrskarandi árangri í markaðsmálum undanfarin tvö ár. Við óskum Nova til hamingju með verðlaunin.

## TILNEFNINGAR TIL ÞEKINGARVERÐLAUNA FVH

Félag viðskipta- og hagfræðinga tilnefndi fjögur fyrirtæki til Þekkingarverðlauna FVH 2020 og var Krónan eitt af þeirra. Þekkingarverðlaunin eru veitt því fyrirtæki sem þykir hafa skarað fram úr á sviði sjálfbærrar þróunar.



**KAFLI 8:**

# **VIÐ ELSKUM NÝSKÖPUN**

Við leggjum okkur fram um að efla **íslenska matvælaframleiðslu**.

Á hverju ári bætast nýir samstarfsaðilar í hópinn hjá okkur.


Áhersla okkar er á að aðstoða **litla matvælaframleiðendur**

við að koma vörum sínum á framfæri.

# EFLUM ÍSLENSKA MATVÆLAFRAMLEIÐSLU

Árið 2020 hófum við samstarf við Samtök smáframleiðenda matvæla (SSFM) með **Matarbúri Krónunnar**. Við viljum lyfta íslenskri matvælaframleiðslu og sýna hversu mikið úrval er af vörum sem framleiddar eru hér á landi. Í byrjun stilltum við upp sérstöku svæði í verslunum okkar á Granda, í Lindum og á Selfossi með vörum frá smáframleiðendum en nú færast Matarbúrið á milli verslana. Hvert sölutímabil er tveir mánuðir þar sem 20 smáframleiðendur taka þátt í samstarfinu á hverju tímabili og er þetta hugsað sem prufutímabil fyrir framleiðendur inn í matvöruverslun.

**Krónan  
mælir með!**



„Ein helsta áskorun smáframleiðenda matvæla er að gera vörur sínar sýnilegar og aðgengilegar hinum almenna neytanda og fá hillupláss í stórverslunum. Matarbúrið er frábær leið til að bregðast við því - þess vegna skiptir samstarf sem þetta miklu máli.“

**Oddný Anna Björnsdóttir,**  
framkvæmdastjóri SSFM





Samtök smáframleiðenda matvæla voru stofnuð í lok nóvember 2019 og innan þeirra vébanda eru 127 framleiðendur. Meðal þeirra sem tóku þátt í átakinu hjá okkur voru eftirtaldir aðilar:

#### **Jóhanna Bergmann – Háafell**

Á Háafelli í Borgarfirði hefur verið staðið að verndun íslensku geitarinnar og nýtingu geitaafurða í yfir 30 ár. Með þrautseigju hefur tekist að byggja upp geitafjárbú þar sem þróaðar hafa verið fjölbreyttar geitaafurðir, bæði matvörur og húðvörur.

#### **Harpa Atladóttir – Bökum saman**

Bökum saman er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var til að búa til fleiri fjölskyldustundir í eldhúsinu. Í pakkanum eru öll hráefni sem þarf til að skapa bragðgóðar smákökur frá grunni. „Með því að hafa aðeins rétt magn af öllum hráefnum viljum við minnka matarsóun og stuðla að umhverfisvænum bakstri. Pakkinn er tilvalinn fyrir bæði börn og fullorðna“, segir Harpa Atladóttir.

#### **William Óðinn Lefever – Lefever Hot Sauce**

Lefever Sauce Company er fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á íslensku matarhandverki sem unnið er úr chili. Árið 2018 setti Lefever á markað Beru sem var fyrsta íslenska „hot sauce“ sósan. Ári síðar fylgdi Dreki Hot Sauce. Sósurar hafa slegið í gegn og eru frábær viðbót við íslenska matarflóru. Allar vörur Lefever eru handunnar úr fyrsta flokks fersku hráefni til að tryggja gæði og úrvals bragð. Ljóst er að Íslendingar eru sólgirnir í sterkan mat og því er að vænta fleiri vara frá þeim og eru vörurnar nú komnar í almenna sölu í verslunum Krónunnar.





## PLASTIÐ VERÐUR AÐ VERÐLAUNAPENINGI

Vinir okkar í Plastplan komu að mörgum skemmtilegum verkefnum með okkur á árinu. Þeir gerðu litríka blómapotta á Krónuhjólið okkar sem notaðir voru undir gómsætar ætar kryddjurtir og æt blóm. Eftir það frábæra verkefni hófu þeir framleiðslu á verðlaunapeningum fyrir Krónumót HK, þar sem yfir 3000 börn tættust um á takkaskóm. Þar sáum við tækifæri í að búa til skemmtilega vöru sem og miðla hringrásinni um plast-endurvinnslu til yngri kynslóðarinnar. Aftan á peningunum er svo flokkunarkóðinn og ef krakkarnir fá leið á peningnum má auðvitað skila þeim aftur í borðið og þeir verða að annarri vöru.



**SMELTU HÉR TIL AÐ HORFA Á MYNDBANDIÐ**





## KAFLI 9: **GÓÐIR STJÓRNAR- HÆTTIR**

Stefna okkar er að fóstora fyrirtækjamenningu sem **byggir á umbótum og lærdómi**. Við höfum því verið óhrædd að prófa okkur áfram og gera jafnvel mistök, þannig teljum við fyrirtækið þroskast og læra að gera betur. Mistök leiða nefnilega oft af sér **frábærar hugmyndir**.

## DAGLEGUR REKSTUR

Stjórn Krónunnar fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Framkvæmdastjóri Krónunnar ber ábyrgð á rekstri Krónunnar og annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við stefnu, starfsreglur og fyrirmæli stjórnar.



## ÁBYRG INNKAUP

Í innkaupareglum okkar eru ákvæði um samfélagslega ábyrgð. Birgjar bera ábyrgð á því að þær vörur eða sú þjónusta sem þeir selja séu framleiddar samkvæmt lögum og reglum. Birgjar og Krónan votta bæði að starfsemi þeirra virði vernd alþjóðlegra mannréttinda og taki ekki þátt í mannréttindabrotum. Við vinnum líka gegn hvers kyns spillingu og tryggjum afnám allra nauðungar-, þrælkunar- og barnavinnu. Svansvottunin gerir líka vissar kröfur um ábyrg innkaup, meðal annars með því að við aukum innkaup á lífrænum og umhverfisvottuðum vörum. Einnig eru gerðar kröfur um að ekki séu seldar of stórar einingar af vörum í verslunum okkar, svo vörurnar renni ekki út á heimilum fólks og þarf að huga að því við innkaup.

# STARFSKJARASTEFNA

Við leggjum áherslu á sanngjarnan vinnurétt og er sérstök áhersla lögð á að fræða stjórnendur með mannaforráð um íslenska vinnulöggjöf og reglugerðir, þá aðallega um vinnu barna og unglunga. Í Krónunni er hlutfall ungmenna í hlutastörfum allhált. Öll opinber gjöld eru greidd og engin svört atvinnustarfsemi í boði. Þá getur starfsfólk valið hvort það vill vera í stéttarfélagi og eru 80% sem kjósa það. Sú tala ræðst að mestu af fjölda starfsfólks sem er yngri en 16 ára, en ekki er gert ráð fyrir að greitt sé í stéttarfélög fyrir en eftir þann aldur.



„Mér finnst fátt leiðinlegra en að þurfa að setjast yfir langan texta og læra þannig. Krónuskólinn var því frábær leið fyrir mig – að geta horft og hlustað á myndbönd þegar ég hafði tíma. Svo eru spurningarnar í lokin þægileg leið til að muna hvað fór fram.“

Aníta,  
Fyrrum starfsmaður í Flatahrauni  
2020 en nú verslunarstjóri

Pssst...



Samkvæmt vinnustaðagreiningu Gallups árið 2020 segjast 94% starfsfólks Krónunnar búa yfir nægri þekkingu til að sinna starfi sínu mjög vel.

## KRÓNUSKÓLINN

Hjá okkur starfa 960 einstaklingar og margir sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði í verslunum okkar. Við teljum það því lykilatriði að til að líða vel í starfi sé best að vera vel upplýstur um fyrirtækið og starfið sjálft. Fræðsla leggur grunninn að ánægju starfsfólks sem aftur leggur grunninn að góðri upplifun viðskiptavina. Árið 2020 opnuðum við því Krónuskólann með það að markmiði að allt starfsfólk hafi aðgang að og hljóti sömu fræðslu. Við vildum hafa fræðsluna þægilega og aðgengilega og er fræðslan því í appi. Þar getur allt starfsfólk nálgast mikilvægar upplýsingar og fræðandi efni um starfsemi Krónunnar. Í appinu eru stutt og hnitmiðuð myndbönd sem hjálpa nýju starfsfólki að taka sín fyrstu skref í Krónunni sem og öllu starfsfólki gert kleift að auka við og sækja sér þekkingu. Appið er einnig notað sem vettvangur þar sem starfsfólk getur auðveldlega séð hver er að vinna í hvaða verslun og sett sig í samband við samstarfsfólk á einfaldan hátt.



## STARFSFÓLK Á SKRIFSTOFU TÓK VAKTIR Í VERSLUNUM

Verslanirnar okkar eru hjartað í rekstrinum og þar sem við tengjumst viðskiptavinum okkar. Við teljum því gríðarlega mikilvægt að halda sterkri tengingu við verslanirnar og það starf sem þar er unnið. Við viljum að starfsfólk okkar hafi góða þekkingu á starfsemi okkar og þar af leiðandi tók starfsfólk á skrifstofunni vaktir í verslunum á árinu. Það má aldrei verða rof milli þeirra sem starfa í verslunum og þeirra sem starfa á skrifstofunni. Stjórnendur heimsækja því reglulega verslanirnar og starfsfólk verslana kemur reglulega inn á skrifstofuna. Nema þegar COVID-19 setur okkur hömlur. Markmiðið var að auka skilning og samskipti á milli starfsmanna sem sinna ólíkum störfum innan fyrirtækisins.

„Við sem vinnum á skrifstofunni vitum að búðirnar eru hjartað í rekstrinum enda er það þar sem viðskiptavinir okkar koma. Því er ómetanlegt að taka öðru hvoru vakt í verslun til að auka vitund um hvernig allt gengur fyrir sig þar.“

Ólafur Rúnar Þórhallsson,  
rekstrarstjóri Krónunnar



„Ég upplifi mikla liðsheit hjá starfsfólki Krónunnar og þykir vænt um að vinna í slíku starfsumhverfi. Ég hef verið #TeamKrónan lengi því það er mér líka mikilvægt að vinna hjá fyrirtæki sem ég hef trú á og veit að er að marka sín spor í samfélagsábyrgð.“

Mariana Olmedo,  
Starfsmaður í Snjallverslun

## COVID-19 VIÐBRÖGÐ OG VERKFERLAR

Strax við upphaf heimsfaraldursins hér á landi lögðum við áherslu á að koma áreiðanlegum og skýrum skilaboðum til viðskiptavina okkar. Enda var strax ljóst að mikilvægt var að upplýsa vel um allar breytingar, fjöldatakmörkanir og hvernig sóttvörnum var háttað. Við settum upp *Spurt og svarað* svæði á vefnum okkar, þar sem spurningum sem virtust brenna á viðskiptavinum var svarað eftir bestu getu. Einnig var mikilvægt að miðla til viðskiptavina að enginn skortur væri í vörubirgðum og vöruskortur ekki yfirvofandi. Viðskiptavinir okkar voru ánægðir með viðbrögðin og mæltu enn frekar með því að versla í Krónunni. 81% starfsfólks voru ánægð með viðbrögð fyrirtækisins við Covid-19.

Við lögðum okkur einnig fram við að umbuna og halda vel utan um starfsfólk okkar í faraldrinum. Við höldum fjölda rafrænna viðburða til að halda í gleðina og þetta hópinn, allt starfsfólk í framlínu fékk svo kaupauka, tíu til fimmtíu þúsund krónur, en það fór eftir starfshlutfalli. Við færðum starfsfólki gjafabréf, buðum aðgang að sálfræðipjónustu, auk þess að bjóða upp á sameiginlega rafræna fundi með sálfræðingum sem hjálpaði verslunarstjórum að bregðast við vanlíðan hjá sínu starfsfólki, ef slíkt kom upp.





**KAFLI 10:**

# **KRÓNAN Í FRAMTÍÐINI**

Við leggjum sífellt áherslu á að gera betur og hér eru því markmið okkar fyrir árið 2021. Þau eru ekki fullmótuð því að með samtali við starfsfólk, viðskiptavini og birgja geta þau stækkað og þróast.

# MARKMIÐ ÁRSINS 2021



Fá fleiri birgja í Síðasta séns samstarfið. Draga enn frekar úr matarsóun. Í dag eru 65% matvæla seld, sem annars væri hent.



Fyrir lok árs verði 71,4% heildarrýma verslana lýst með LED lýsingu og fyrir lok árs 2023 séu 100% heildarrýma LED lýst.



Bjóða nýjar umbúðalauser vörur á árinu.



Hætta alveg notkun á frauðplasti í kjötborði fyrir lok árs.



Hefja sjálfbærnimat á birgjum til að meta umhverfisáhrif þeirra. Það er hluti af því að meta umfang 3 í kol-efnislosun Krónunnar.



Viðhalda og uppfæra fræðslu í Krónuskólanum í takt við þær breytingar sem eiga sér stað.



Jafna kynjahlutfall í stjórnendateymi Krónunnar.



Minna plast enn frekar í ávaxta- og grænmetisdeild án þess að valda aukinni matarsóun.



Halda betur utan um starfsfólk í tengslum við lýðheilsu. Stefnum að því að mæta þeim með sálfræðistyrk, auka samgöngustyrk sem og íþróttastyrkinn.



Allir kælar í nýrri verslunum Krónunnar eru lokaðir, nema í ávaxta- og grænmetisdeild og í kjötborðinu. Markmið okkar er að loka einnig kælum í öðrum verslunum til að spara orku.



Draga úr sölu á vatni í plastumbúðum í verslunum okkar með uppsetningu vatnskрана Fyrsti kraninn verður settur upp í verslun Krónunnar á Granda.



Á árinu 2021 hefjum við undirbúning þess að efla enn frekar miðlun vöruupplýsinga til viðskiptavina: birta m.a. upplýsingar um umbúðir varanna til að einfalda sorpflokkun.



Auka samtal við viðskiptavini um næstu verkefni í umhverfismálum.










Svara óskum og eftirspurn um meira úrval á vegan vörum.











**KAFLI 11:**

# **YFIRLITSTÖFLUR, ÍTAREFNI OG HUGTAKANOTKUN**

ÁHERSLUR:			MARKMIÐ KRÓNUNNAR:			TENGING VIÐ:
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Tengsl við forgangsmarkmið Stjórnarráðsins	Tenging við stefnu Krónunnar	Heiti markmiðs	Undirmerki	Heildarárangur í lok árs 2020	ESG
 <p>Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bættu næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði</p>	<p>Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ungbarna, að nægum, öruggum og næringaríkum mat allt árið.</p>	 <p>Lýðheilsa</p>	Styrkir	Styrkja samtök sem sjá um matarúthlutun fyrir jólin	12 félög hlutu styrk fyrir jólin í formi gjafakorta í Krónunni fyrir upphæð sem nam sex milljónum króna	G5
			Minnka matarsóun	Selja eða gefa matvöru á síðasta séns	899.000 einingar seldar	E7
			Ábyrg innkaup	Kröfur til birgja	Samfélagsábyrgð	NA
 <p>Stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar</p>	<p>Eigi síðar en árið 2030 hafi ótímabærum dauðsföllum af völdum annarra sjúkdóma en smitsjúkdóma verið fækkað um þriðjung með fyrirbyggjandi aðgerðum og meðferð og stuðlað að geðheilbrigði og vellíðan.</p>	 <p>Lýðheilsa</p>  <p>Upplýst val</p>	Hollustan fær besta plássíð	Draga úr sykurneyslu	Á árinu 2020 var magn sykurs, mælt í grömmum á lítra af gosi, 18% lægra hjá Krónunni en meðaltalið var á matvörumarkaði.	S8
			Efla lýðheilsu og hollustu	Styrkir til íþróttafélaga og verkefna sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið	6.000.000	S8
			Efla íþróttir og lýðheilsu	Styrkir til starfsmanna	20.000	S8
 <p>Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflid</p>	<p>Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar.</p> <p>Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórn- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.</p>	<p>Jafnrétti</p> 	Jafnréttisstefna	Reglulegar launagreiningar	Já	S2
			Sambærileg laun fyrir sömu vinnu	Jafnlaunavottun	Óútskýrður launamunur kynjanna 0.71%.	S2
			Jafnrétti kynjanna	Jafnt hlutfall kynja stjórnenda	Næstráðendur 25/75 Frámínustjórnendur 27/73	G1
				Stuðningur	Stuðningur	

ÁHERSLUR:			MARKMIÐ KRÓNUNNAR:			TINGING VIÐ:
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Tengsl við forgangsmarkmið Stjórnarráðsins	Tenging við stefnu Krónunnar	Heiti markmiðs	Undirmarkmið	Heildarárangur í lok árs 2020	ESG
 <p>Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun</p>	<p>Próaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.</p>	 <p>Umhverfismál</p>	Betri lausnir í burðarpokum	Minnka hefðbundið plast	Skipt alfarið yfir í fjölnota- og pappapoka	G1
			Nýta tækni til að bæta þjónustu	Snjallverslun	Opnuð í mars	E7
			Styrkir í forvarna- og mannúðarmálum	Styrkir veittir fyrir jólin til málefna sem viðskiptavinir Krónunnar styrktu í sjálfsafgreiðslukössum og í Snjallverslun	355.000	NA
 <p>Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa</p>	<p>Eigi síðar en árið 2030 verði öllum gert kleift að taka þátt í félagslífi og hafa afskipti af efnahagsmálum og stjórnmálum, án tillits til aldurs, kyns, fötlunar, kynþáttar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða, efnahags eða annarrar stöðu.</p> <p>Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.</p>	<p>Jafnrétti</p> 	Jafnréttisstefna	Auka hlut kvenna í starfsmannahópi	37%	S4
			Siðareglur	Siðareglur	Í gildi	G6
			Jafnrétti	Atvinna með stuðningi	30 manns	S2
			Sambærileg laun fyrir sömu vinnu	Jafnlaunavottun	Óútskýrður launamunur kynjanna 0,71%	S2
 <p>Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær</p>	<p>Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.</p> <p>Stutt verði við jákvæð efnahagsleg, félagsleg og umhverfisleg tengsl á milli þéttbýlis, þéttbýlla svæða í borgarjaðri og dreifbýlissvæða með því að styrkja áætlanir um byggðaþróun á landsvísi og innan svæða.</p>	 <p>Umhverfismál</p>	Orkusparandi búnaður	Lokaðir kælar og frystar, CO2 kælikerfi og Led lýsing	25-50% minni orkunotkun	E1
			Flokkun á úrgangi	62% endurvinnsluhlutfall	Allar verslanir	E7
			Stuðningur við innlenda framleiðslu	Samstarf við nýsköpunarfyrirtæki sem og önnur fyrirtæki	Vaxa, Sölufélag garðyrkju-manna, Plastplan, Samtök smávöruframleiðanda	NA

ÁHERSLUR:			MARKMIÐ KRÓNUNNAR:			TENING VID:
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Tengsl við forgangsmarkmið Stjórnarráðsins	Tenging við stefnu Krónunnar	Heiti markmiðs	Undirmarkmið	Heildarárangur í lok árs 2020	ESG
 <p>Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð</p>	<p>Hrundið verði í framkvæmd tíu ára rammaáætlunum um sjálfbæra neyslu og framleiðslu þar sem öll lönd, með háteknjurikin í fararbroddi, grípa til aðgerða. Tekið verði tillit til þróunar og getu þróunarlandanna.</p> <p>Stuðlað verði að sjálfbæru verklagi við opinber innkaup í samræmi við innlenda stefnu og forgangsroðun.</p>		Betri lausnir í stað plasts	Fjölgun í umbúðalausum		E7
			Unnið gegn matarsóun	Seljum með afslætti eða gefum	899.000 einingar seldar	E7
			Svansvottun	Allar verslanir 2020	Allar verslanir	G5
			Ábyrg innkaup	Innkaupastefna	Stuðla að minnkun magnaupa	G5
 <p>Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra</p>	<p>Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunun og skipulagi.</p>	 <p>Lýðheilsa</p>  <p>Umhverfismál</p>	Plastkassar fyrir grænmeti	Útskipting á einnota fyrir græna kassa	322.280 plastkassar sparast	E7
			Svansvottun	Allar verslanir 2020	Allar verslanir	G5
			Umhverfissvænna kælikerfi	CO2 vistvæn kælikerfi	7 verslanir	E10
			Kolefnisjöfnun umfangs 1	Samningur við Kolvið	809 tré	NA
			Minnka plast	Bylgjupappi til endurvinnslu Margnota burðarpokar Pappapokar Pure North samstarf – endurvinna allt plast á Íslandi	1264 tonn Já Já Já	E7 E7 E7
			Minnka kolefnisspor matvæla	Stuðningur við innlenda framleiðslu	Samstarf við Vaxa, lífrænt vottað kjöt, Samtök smáframleiðanda	E10

# UFS YFIRLITSTAFLA:

## REKSTRARÞÆTTIR:

Rekstrarbreytur	Einingar	2019	2020
Heildartekjur	m. ISK	36,33	43,1
<i>Eignir alls</i>	m. ISK	17,59	15,66
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	431	449
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m <sup>2</sup>	-	35.003
Árangursmælikvarði félags			
Losunarkræfni starfsmanna	kgCO <sub>2</sub> i/stöðugildi	1.323,7	1.207,2
Losunarkræfni tekna	kgCO <sub>2</sub> i/milljón ISK	15.704,9	12.574,9
Eignastýring			
Fjöldi bygginga	fjöldi	-	26
<i>Fjöldi bifreiða</i>	fjöldi	-	28
Par af rafmagnsbílar	fjöldi	-	-
Par af tengivinnbílar	fjöldi	-	-

## UMHVERFI:

Losun gróðurhúsalofttegunda			
Umfang 1	tCO <sub>2</sub> i	78,2	81
Umfang 2 (landsnetið)	tCO <sub>2</sub> i	104	96,6
Umfang 3	tCO <sub>2</sub> i	388,3	364,5
Kolefnisspor án mótvægisaðgerða	tCO <sub>2</sub> i	570,5	542
Samtals mótvægisaðgerðir	tCO <sub>2</sub> i	78,2	81
Kolefnisspor með mótvægisaðgerðum	tCO <sub>2</sub> i	492,3	461
<i>E1 UNGC: P7 GRI 305-1,305-2,305-3 SASB: General Issue / GHG Emissions TCFD: Metrics &amp; Targets</i>			
Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda			
Losunarkræfni orku	kgCO <sub>2</sub> i/MWst	50,2	51,4
Losunarkræfni starfsmanna	tCO <sub>2</sub> i/stöðugildi	1,32	1,21
Losunarkræfni tekna	kgCO <sub>2</sub> i/milljón ISK	15.704,93	12.574,87
Losunarkræfni á hvern fermetra	kgCO <sub>2</sub> i/m <sup>2</sup>	-	15,49
<i>E2 UNGC: P7, P8 GRI 305-4  SDG: 13 SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management</i>			

<b>UMHVERFI FRH.:</b>			
<b>Orkunotkun</b>	<b>Einingar</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
Heildarorkunotkun	kWst	11.369.970	10.543.942
<i>Par af orka frá jarðefnaeldsneyti</i>	kWst	309.728	332.109
<i>Par af orka frá rafmagni</i>	kWst	6.475.541	6.504.883
<i>Par af orka frá heitu vatni</i>	kWst	4.584.701	3.706.950
Bein orkunotkun	kWst	309.728	332.109
Óbein orkunotkun	kWst	11.060.242	10.211.833
<i>E3 UNGC: P7, P8 GRI 302-1, 302-2 SDG: 12 SASB: General Issue / Energy Management</i>			
<b>Orkukræfni</b>			
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	26.380	23.483
Orkukræfni veltu	kWst/milljón ISK	312.982,1	244.615
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	-	301,2
<i>E4 UNGC: P7, P8 GRI 302-3 SDG: 12 SASB: GENERAL ISSUE / ENERGY MANAGEMENT</i>			
<b>Samsetning orku</b>			
Jarðefnaeldsneyti	%	2,7%	3,1%
Endurnýjanleg orka	%	97,3%	96,9%
<i>E5 GRI 302-1 SDG: 7 SASB: General Issue / Energy Management</i>			
<b>Vatnsnotkun</b>			
Samtals vatnsnotkun	m <sup>3</sup>	152.866	138.806
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	73.819	74.893
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	79.047	63.913
<i>E6 GRI: 303-5 SDG: 6 SASB: General Issue / Water &amp; Wastewater Management</i>			
<b>Umhverfisstarfsemi</b>			
Fylgir fyrirtækið formlægri umhverfisstefnu?	já/nei	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	Já	Já
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei
<i>E7 GRI: 103-2 SASB: General Issue / Waste &amp; Hazardous Materials Management</i>			
<b>Loftslagseftirlit / stjórn</b>			
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei
<i>E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A)</i>	kWst	11.060.242	10.211.833

<b>UMHVERFI FRH.:</b>			
<b>Loftslagseftirlit / stjórnendur</b>	<b>Einingar</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei
<i>E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure B)</i>			
<b>Mildun loftslagsáhættu</b>			
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	m. ISK	-	-
<i>E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)</i>			
<b>Meðhöndlun úrgangs</b>			
Samtals úrgangur	kg	2.118.303	2.194.676
Par af flokkaður úrgangur	kg	1.449.978	1.612.886
Par af óflokkaður úrgangur	kg	668.325	581.790
Endurrunnið / endurheimt	kg	1.448.858	1.612.556
Urðun / förgun	kg	669.445	582.120
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	68,4%	73,5%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	68,4%	73,5%
<b>Úrgangskræfni</b>			
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	4.914,9	4.887,9
Úrgangskræfni veltu	kg/milljón ISK	58.310,7	50.915,6
<b>Viðskiptaferðir</b>			
Losun vegna viðskiptaferða	tCO <sub>2</sub> i	24,9	3,2
Flug	tCO <sub>2</sub> i	24,9	3,2
<b>Ferðir starfsmanna til og frá vinnu</b>			
Endurgreiðir fyrirtækið vistvænan ferðamáta starfsmanna?	já/nei	Nei	Nei
<b>Helstu orkugjafar</b>			
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	32.093	34.596
Bensín	lítrar	15.136	18.195
Dísilolía	lítrar	16.957	16.401
Samtals eldsneytisnotkun bifreiða í kg	kg	25.765	27.588
Bensín	kg	11.352	13.647
Dísilolía	kg	14.413	13.941

<b>UMHVERFI FRH.:</b>			
	<b>Einingar</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
<b>Mótvægisáðgerðir</b>			
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO2í	78,2	81
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO2í	78,2	81
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	tCO2í	0	0
Aðrar mótvægisáðgerðir	tCO2í	0	0
<b>Eignastýring</b>			
Fjöldi bygginga	fjöldi	-	-
Framleiðslurými	fjöldi	-	26
Fjöldi ökutækja og tækja	fjöldi	-	28
Bensín / dísil	fjöldi	-	-
Rafknúin farartæki	fjöldi	-	-
<b>Kolefnisgjöld</b>			
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/líttra	10,4	11,45
Kolefnisgjald, bensín	ISK/líttra	9,1	10
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	12,8	14,1
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	ISK/kg	11,4	12,55
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	314.090,4	369.741,45
<b>FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR</b>			
<b>Launahlutfall forstjóra</b>			
Heildarlaun forstjóra	ISK	-	-
Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi	X:1	-	-
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	Nei	Nei
S1 UNGC: P6 GRI 102-38			
<b>Launamunur kynja</b>			
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	-	-
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	3,59%	0,71%
S2 UNGC: P6 GRI: 405-2   SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion			



<b>FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR FRH.:</b>			
<b>Starfsmannavelta</b>	<b>Einingar</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
<i>Starfsmenn í fullu starfi</i>			
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	94%	87,6%
<i>S3 UNGC: P6 GRI: 401-1b SDG: 12 SASB: General Issue / Labor Practices</i>			
<b>Kynjafjölbreytni</b>			
<i>Starfsmannafjöldi</i>			
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	36%	37%
Konur	fjöldi	-	335
Karlar	fjöldi	-	577
<i>Byrjenda- og millistjórnendastöður</i>			
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsprepi fyrir ofan	%	32%	30%
Konur	fjöldi	-	7
Karlar	fjöldi	-	16
<i>Yfirmenn og stjórnendur</i>			
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	33%	25%
Konur	fjöldi	-	2
Karlar	fjöldi	-	6
<i>S4 UNGC: P6 GRI: 102-8, 405-1 SASB: GENERAL ISSUE / EMPLOYEE ENGAGEMENT, DIVERSITY &amp; INCLUSION</i>			
<b>Hlutfall tímabundinna starfskrafta</b>			
Stöðugildi	fjöldi	431	449
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	-	-
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	-	-
<i>S5 GRI: 102-8 UNGC: P6</i>			
<b>Aðgerðir gegn mismunun</b>			
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já
<i>S6 UNGC: P6 GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016) SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity &amp; Inclusion</i>			

<b>FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR FRH.:</b>			
<b>Vinnusýsatiðni</b>	<b>Einingar</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
Heildarfjöldi áverka og banasýsa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	%	0%	0,03%
S7 GRI: 403-9 SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety			
<b>Hnattræn heilsa og öryggi</b>			
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	Já	Já
S8 GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018) SDG: 3 SASB: General Issue / Employee Health & Safety			
<b>Barna- og nauðungarvinna</b>			
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaprælkun?	já/nei	Já	Já
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	Já	Já
S9 GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P4, P5 SDG: 8 SASB: General Issue / Labor Practices			
<b>Mannréttindi</b>			
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	Nei	Nei
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	-	-
S10 GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) UNGC: P1, P2 SDG: 4, 10, 16 SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations			
<b>STJÓRNARHÆTTIR</b>			
<b>Kynjahlutfall í stjórn</b>			
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	50%	66%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	75%	100%
G1 GRI 405-1 SDG: 10 SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)			
<b>Óhæði stjórnar</b>			
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	100%	100%
G2 GRI: 102-23, 102-22			
<b>Kaupaukar</b>			
Fá framkvæmdastjórnar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei
G3 GRI: 102-35			

<b>STJÓRNARHÆTTIR FRH.:</b>			
<b>Kjarasamningar</b>	<b>Einingar</b>	<b>2019</b>	<b>2020</b>
Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	99	99
<i>G4 UNGC: P3 SDG: 8 GRI: 102-41 SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)</i>			
<b>Siðareglur birgja</b>			
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	Já	Já
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-
<i>G5 UNGC: P2, P3, P4, P8 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 &amp; GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) SDG: 12 SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)</i>			
<b>Siðferði og aðgerðir gegn spillingu</b>			
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	Já	Já
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-
<i>G6 UNGC: P10 SDG: 16 GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)</i>			
<b>Persónuvernd</b>			
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já
<i>G7 GRI: 418 Customer Privacy 2016 SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)</i>			
<b>Sjálfbæriskýrsla</b>			
Birtir fyrirtækið sjálfbæriskýrslu?	já/nei	Já	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	-	-
<i>G8 UNGC: P8</i>			
<b>Starfsvenjur við upplýsingagjöf</b>			
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	-	-
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	Já	Já
<i>G9 UNGC: P8</i>			
<b>Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila</b>			
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Nei	Nei
<i>G10 UNGC: P8 GRI: 102-56</i>			

# UM SKÝRSLUNA

---

Skýrsla þessi er unnin af starfsmönnum og sérfræðingum á viðkomandi sviðum hjá Krónunni og Festi með aðstoð frá sérfræðingum hjá Aton.JL sem einnig annaðist hönnun og umbrot skýrslunnar. Skýrslan nær yfir alla starfsemi Krónunnar og byggir á rekstrarárinu 2020. CO2 uppgjör eru fengin á vef Klappa í samræmi við upplýsingar; fjöldi flugferða var gefinn upp hjá viðkomandi flugfélagi og úr bókhaldi, eldsneytislítrar úr viðskiptamannabókhaldskerfi N1, upplýsingar um sorplosun eru fengnar frá viðkomandi losunaraðila og orku- og vatnsnotkun frá viðkomandi veitum. Frá síðustu skýrslu hefur mikið áunnist í öflun gagna og tölur því réttari. Árið 2019 var stærri hluti orkunotkunar t.d. mikið áætlaður en nú, vegna breytinga, fást raungögn. Við lítum því svo á að hér sé um leiðréttingu að ræða.

# SJÁLFBÆRNIUPPGJÖR

---

Móðurfélagið er skráð á aðallista NASDAQ og er sjálfbærniuppgjör þetta unnið með hliðsjón af ESG leiðbeiningum NASDAQ á Íslandi og Norðurlöndum, útgefnuð í mars 2017. Þær leiðbeiningar byggja á ráðleggingum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange).

**ENDIR**